

---

## Viðhaldsdýpkun í Landeyjahöfn, Rangárþingi eystra

### Ákvörðun um matsáætlun

---

#### 1 INNGANGUR

Þann 1. júlí 2019 barst Skipulagsstofnun tillaga Vegagerðarinnar að matsáætlun vegna fyrirhugaðrar viðhaldsdýpkunar í Landeyjahöfn, Rangárþingi eystra samkvæmt 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.01 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Rangárþings eystra, Hafrannsóknastofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

#### 2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tillaga framkvæmdaraðila að matsáætlun: Viðhaldsdýpkun í Landeyjahöfn. Tillaga að matsáætlun. VSÓ Ráðgjöf f.h. Vegagerðarinnar, júní 2019.

Umsagnir um tillögu að matsáætlun bárust frá:

- Rangárþingi eystra með tölvupósti dags. 29. júlí 2019.
- Hafrannsóknastofnun með tölvupósti dags. 20. júlí 2019.
- Náttúrufræðistofnun Íslands með tölvupósti dags. 9. júlí 2019.
- Samgöngustofu með tölvupósti dags. 15. júlí 2019.
- Umhverfisstofnun með tölvupósti dags. 15. júlí 2019.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfi dags. 23. september 2019.

#### 3 FRAMKVÆMD OG UMHVERFISÁHRIF

##### Lífríki sjávar og fjöru

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar kemur fram að stofnunin mæli með því að gerðar verið frekari rannsóknir á botndýralífi á nýju losunarsvæði vegna þess að þau gögn sem vísað er til séu ekki nægilega ítarleg og nái ekki til alls losunarsvæðisins. Einnig kemur fram að svæði sem ætlað sé að varpa á séu dýpri en svæðin sem nú eru í notkun og að efni geti safnast upp þar. Þar sem um langtímaverkefni sé að ræða sé nauðsynlegt að leggjast í nánari rannsóknir til að skera úr um hvort að áætluð svæði séu heppileg til losunar í svo langan tíma, fram kemur í matsáætlun að svæði sem mest hafa verið notuð séu nánast fullnýtt og virðist því efni sem þar er notað ekki berast í burtu. Jafnframt auki meira dýpi möguleikann á því að botndýralíf geti þrífist betur og því nauðsynlegt að kanna grunnástand. Að mati Hafrannsóknastofnunar eru losunarstaðir nálægt höfninni, RV og RA, óhentugir og eigi aðeins að nota þá sem nokkurs konar neyðarstaði.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að farið verði í frekari rannsóknir á botndýralífi, á vegum þekkingarseturs Vestmannaeyja sem muni sjá um sýnatöku og greiningu sem verði nýtt við mat á áhrifum á botndýralíf. Varðandi uppsöfnun á efni þá verði nánar gert grein fyrir haugamyndun á núverandi efnistökusvæðum i frummatsskýrslu. Fram kemur að losun á haugsetningarsvæði RV og



RA verði einungis til að styrkja og flýta fyrir endurmyndun sandrifs sem sé þar og verji höfnin fyrir öldu. Nánar verði gerð grein fyrir ofangreindum atriðum í frummatsskýrslu.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna á grunnástandi botndýralífs á öllum áætluðum haugsetningarsvæðum.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein straumum á haugsetningarsvæði og hvort efni nái að berast í burtu af svæðinu til skemmri tíma litið og gera grein fyrir núverandi haugamyndun á svæðunum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir ástandi sandrifs við haugsetningarsvæði RV og RA og hvernig áætlað er að halda því við.

### **Áhrif á innviði**

Í umsögn Samgöngustofu kemur fram að svo virðist sem fyrirhugað losunarsvæði nái yfir sjólagnir á milli lands og eyja. Skoða þurfi nánar legu áðurnefndra lagna og hliðra losunarsvæðum ellegar leita leyfis eiganda lagnanna til að varpa á þær.

Í svari framkvæmdaraðila kemur fram að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir legu sjólagna í nágrenni við framkvæmdasvæði og ef ástæða þyki til verði gerð grein fyrir viðeigandi ráðstöfunum.

Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir legu sjólagna milli meginlands og Vestmannaeyja og áhrifum framkvæmdarinnar á þær.

### **Vöktun**

Í frummatsskýrslu þarf að leggja fram áætlun um vöktun umhverfisáhrifa eftir að framkvæmdum er lokið og starfsemin er komin í rekstur, eftir því sem við á.

## **4 NIÐURSTAÐA**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Vegagerðarinnar að matsáætlun ásamt þeim umsögnum sem borist hafa stofnuninni og viðbrögðum framkvæmdaraðila við þeim. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með eftirfarandi athugasemdum.

1. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir niðurstöðum rannsókna á grunnástandi botndýralífs á öllum áætluðum haugsetningarsvæðum.
2. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein straumum á haugsetningarsvæði og hvort efni nái að berast í burtu af svæðinu til skemmri tíma litið og gera grein fyrir núverandi haugamyndun á svæðunum. Jafnframt þarf að gera grein fyrir ástandi sandrifs við haugsetningarsvæði RV og RA og hvernig áætlað er að halda því við.
3. Í frummatsskýrslu þarf að gera grein fyrir legu sjólagna milli meginlands og Vestmannaeyja og áhrifum framkvæmdarinnar á þær.

Framkvæmdaraðili getur kært ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum. Kærufrestur er til 26. október 2019

Reykjavík, 25. september 2019

Jakob Gunnarsson

Jón Þórir Þorvaldsson